

BYGGINGARLÝSING

Sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti.

Steyptur veggur ásamt girðingu með akstursliði aðskilja sjálfsafgreiðslustöð frá olíubirgðastöð. Eldsneytisgeymir sjálfsafgreiðslustöðvar er niðurgrafinn á löðarhluta sjálfsafgreiðslustöðvarinnar. Plan og aksturleiðir er malbikað. Afgreiðsluplan er steinsteypt. Niðurfallslagnir úr afgeiðsluplani liggja í olíuskilju. Snjóbræðsla er í afgeiðsluplani og helstu aksturleiðum. Vatn fyrir þrif sjálfsafgreiðslustöðvarinnar er í læstum tengibrunni sjóbræðslukerfis. Miðstöð raf- og snjóbræðslulagna eru í afgreiðsluhúsi olíubirgðastöðvar. Svæðið við dæluey er raflýst. Eftirlitsmyndavélar eru við afgreiðsludælur. Við afgreiðsludælur og tengikistu eldsneytisgeymis eru skiti skv. gildandi stöðlum sem banna reykingar og meðferð opins elds. Útloftun eldsneytisgeymis og olíuskilju er við tengikistu eldsneytisgeymis. Auglýsingaskilti er við löðarmörk að Óseyrarbraut.

Mengunar- og brunavarnir sjá teikningar frá Hönnun P221 og V241

Birgðastöð fyrir eldsneyti sem flokkast sem B-vökvi og A-vökvi.

Birgðastöðin er rækilega afgirt með minnst 2,0m hárri girðingu úr óbrennanlegu efni, sem hindrar óviðkomandi umferð. Rafeindastýrt hlið stýrir umferð inn og út af svæðinu. Sjálfvirkur búnaður fylgist með því að hlið séu í læstri stöðu þegar svæðið er mannlaust. Enginn gróður er á geymasvæðinu. Við hlið eru aðvörunarskilti þess efnis, að á svæðinu eru geymdir eldfimir vökvar og einnig skilti, sem banna óviðkomandi umferð, reykingar og opinn eld á geymasvæðinu. Skiltin eru í samræmi við samþykkta staðla og reglur þar að lútandi.Raflagnir eru í samræmi við reglugerð um raforkuvirki. Öll löðin ásamt mannvirkjum er raflýst.

Olíugeymar eru úr stáli. Brunatæknileg flokkun: tveir B-geymar og einn A-geymir. Olíuheld lekavörn er umhverfis olíugeyma, yfirborð lekavarnar er malbikað. Lekavörn er aðskilin fyrir B-geyma og A-geyma. Umhverfis B-geyma er B-þró og umhverfis A-geyma er A-þró. Niðurfallslagnir úr þrónum liggja í olíuskilju.

Áfyllingarplan er úr steinsteypu. Niðurfallslagnir úr planinu liggja í olíuskilju. Gert er ráð fyrir þvotta aðstöðu fyrir olíuflutningabíla á áfyllingarplaninu.

Afmörkuð eru tvö stæði fyrir olíuflutningabíla og fólksbíla.

Sorp sem fellur til flytur rekstraraðili á viðurkennda sorpmóttöku.

Mengunarvarnir, olíulekavörn og olíusíur, eru í samræmi við gildandi reglugerð og vísast til sérteikninga frá verkfræðistofunni Strendingur þar að lútandi.

Brunavarnir eru í samræmi við gildandi reglugerð, sjá nánar skýrslu Verkfræðistofu Snorra Ingimarssonar Brunavarnir - mengunarmál - öryggismál.

Smiðalýsing/hönnun þriggja 3800 m3 olíugeyma Atlantsolíu ehf.
18.09.2002.

Geymarinr eru að öllu leyti gerðir úr stálplötum, botn veggir og þak, en burðarvirki þaks er "gittersperrur" úr stangastáli. Allt efni er S 235 JRG2 (RSt 37-2) sandblásið og grunnað.

Þvermál geymanna er D= 20,0 m (í miðjar plötur)
Hæð " er H= 12,1 m að efri brún kantvinkils
Þakhalli er 1:5 og keiluhæð þaks því u.þ.b. 2,0 m.
Botn er keilulaga með halla 1:50 að soraskál í miðjum botni (til tæmingar botnfalls og vatns).

Geymarnir eru hannaðir í samræmi við og eftir reiknireglum brezks staðals BS 2654:1989 "Specification for manufacture of vertical steel welded non-refrigirated storage tanks with buttwelded shells for the petroleum industry" og í samræmi við íslenska staðla yfir vind-, snjó- og jarðskjálftaálögur (nýjustu útgáfur).

Helstu staðlar:
BS 2654: 1989 Hönnun olíugeyma
ÍST EN 25817: 1992 Ljósbogasuða á stáli
ENV 1998-1-1:1994 Jarðskjálftaálögur
ÍST 12:2002 Álagsforsendur.

BS 2654 kveður á um útreikninga þykktar plötustáls í byrði geymanna, botn og þaki, auk þess að kveða á um lágmarksþykktir. Tekið er tillit til suðugæða og skynsamlegs tæringaralags við útreikninga og val endanlegra plötuþykkta vegna vökvaþrýstings í fullum geymi. Vindstyrkingar (2hringir) eru að innanverðu í geyminum.

Samkvæmt stöðlum eru tvö gagnstæð 600 mm mannop á neðsta plötuumfari á hverjum geymi. Á þaki er eitt mannop og mælistútar fyrir fjarvirka radarmæla með yfirfyllingar aðvörun og nákvæmri hæðar- og rúmfangsmælingu, ásamt stútum fyrir handvirka mælingu, útloftun og fl.

Spiralstigi er á tveim endageymunum í röðinni (1. og 3.) en brú milli 1. og 2. og 2. og 3. geymis. Þannig verða alltaf fyrir hendi tvær flóttaleiðir (aðkomuleiðir) af öllum geymunum. Stigamir eru með tveim millipöllum, þannig að hvert stigalot er aðeins 4 m á hæð.
Handrið á þakbrúnum og göngubrúm eru um 1200 mm há.

Hver geymir um sig er tengdur hófn með 10" (250 mm) áfyllistút, læsanlegum loka og 10" lögn að sameiginlegri um 650 m löndunarlögn (10") að löndunarlokum á olíuhafnargarði.

Hver geymir um sig tengist dæluhúsi innan girðingar með 6" (150 mm) soglögn að dælu. Dælt er um sjálfvirkan búnað á bíl flutningageyma með sjálfvirkri yfirfyllingarvörn.

Tengingar allar og búnaður verður eða hefur verið hannaður í samráði við og samþykktur af Hollustuvernd og Brunamálastofnun.

A-geymir: ytra rúmmál er 3.800m3, fljótandi innra þak er í geymi og rúmast 3.400m3 af eldsneyti í geyminum.

Samþykkt þann
20 JÚLÍ 2005
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

Sigríður Magnúsdóttir 260362-6589

SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR ARK.FAÍ MNAL
HANS-OLAV ANDERSEN ARK.FAÍ MNAL

Teiknistofan Tröð ehf
Laugavegi 28
IS-101 Reykjavík
sími: 562 8255, fax: 562 8253
info@tst.is

A08 SLÖKKVIKERFISSALUR STÆKKAÐUR	21 06 05	SM
A07 REYNDARTEIKNING	02 04 04	SM
A06 NÝ BYGGINGARLEYFISUMSÓKN	12 01 04	SM
A05 ÚTBOÐSTEIKNING	05 11 03	SM
A04 BYGGINGARLEYFISUMSÓKN	23 10 03	SM
A03 SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ	18 03 03	SM
A02 OLÍUBIRGÐASTÖÐ A- OG B-VÖKVI	14 01 03	SM
A01 A-ÞRÓ	02 12 02	HOA
A00 NÝ TEIKNING	07 11 02	HOA
BREYTING:	**DAGS.:**	**TEIKN.:**



ATLANTSOLÍA
OLÍUBIRGÐASTÖÐ
SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ
SUÐURHÖFN - HAFNARFJARÐARHÖFN

EFNI: **AFSTÖÐUMYND**

SVÆÐI:	**ÓSEYRARBRAUT 23**
MÆLIKVARÐI:	**1:500**
ÁFANGI:	**-**
SÍÐASTA DAGSETNING:	**21 06 2008**
TEIKNINGARNÚMER:	**A1020**
BREYTING:	**A08**

0 10 20 30 40 50m